

Skodið rúmin í
rúmgóðri verzlun.



„Rúm“-beztu verzlun landsins

INGVAR OG GYLFI

GRENSAVEGI 3 108 REYKJAVÍK, SÍMI 81144 OG 33530

Sérverzlun með rúm

Jólatilboð



Auritone kassettu-útvarp
MW/FM með innbyggðum hljóðnema
Verð kr. 910,00

Auritone útvarfs-klukka
LM/MW/FM með vekjara
Verð kr. 741,00.



Síðumúla 17
Sími 37140
Pósthóli 5274 125 Reykjavík

Sendum
í postkröfu

Góð hugmynd
um jólagjöf



Eigum úrval bókbandstækja sem eru til-
valin til jólagjafa.

Borgarfell hf.

Skólavörðustíg 23, sími 11372

Menning

Menning

Menning

RABB

Út er kominn hjá Bókaútgáfunni Hildi listaverkabók um 16 íslenska listamenn, þá Alfréð Flóka, Ásgerði Búadóttur, Baltasar, Braga Ásgeirsson, Einar Baldvinsson, Einar Hákonarson, Eirík Smith, Gunnar Örn, Hring Jóhannesson, Jóhannes Jóhannesson, Jón Gunnar Árnason, Leif Breiðfjörð, Magnús Tómasson, Ragnheiði Jónsdóttur, Vilhjálm Bergsson og Þorbjörgu Höskuldsdóttur.

Niu rithöfundar og þrjú listfræðingar sjá um að skrá og semja texta bókanna en forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, ritar formála.

Vandasamt val


Það er ávallt stór viðburður er listaverkabækur renna út úr íslenskum prentvélum. Enn ein listaverkabók hefur bæst í safnið þar sem 16 íslenskir listamenn eru teknir tali.

Það hefur eflaust verið vandasamt verk að velja listamenn í þessa bók því hér á landi eru nú starfandi mikill fjöldi listamanna og breidd í íslenskrum listsköpun hefur aldrei verið meiri. Þó er athyglisvert að flestir umræddir listamenn teljast figuratívir málara.

Aldamóta ástand

Þá er það annað sem vekur athygli en það er hve lífseig er hér á landi gamla goðsagan (mythe) að listamenn skrifi um listamenn! Niu rithöfundar rita um 12 listamenn en aðeins þrjú listfræðingar koma við sögu bókanna. Þetta sýnir glögg hve listfræðingar eru lítt kynntir á Íslandi og eiga lítið upp á pallborðið hjá íslenskum listamönnum. Þetta er álíka ástand og ríkt í Evrópu í byrjun aldarinnar er rithöfundar líkt og Apollinaire voru aðalskríbentarnir.

ISLENSK LIST



16 ÍSLENSKIR MYNDLISTARMENN
Bókaútgáfan Hildur

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

Rabb

Listaverkabókin „16 íslenskir listamenn“ er á engan hátt listfræðileg úttekt eða umfjöllun á viðkomandi listamönnum (nema hvað viðkemur listfræðingunum þremur) heldur er það aðeins rabb sem gengur líkt og súð í gegnum bókin á þess að snert sé á innri eindum verkanna. Þetta er eins konar framhald af bókinni „Steinar og sterkir litir, svipmyndir 16 myndlistarmanna“, sem kom út árið 1965. Listamaðurinn skrafar um uppvöxt sinn og feril. Þó koma fyrir ágætir kaflar þar sem skáldin fá lausan tauminn og njóta þess að yrkja um „manninn og verkið“. Og segja má að Matthías Jóhannessen geri sér skemmtilega grein fyrir hlutverki sínu en hann yrkir einfaldlega ljóð til listamannsins Braga Ásgeirssonar.

Þá er að finna í þessari bók afar sérkennileg vinnubrögð eins konar „úlvísunar collage“. Allt virðist komið í þrot og eina lausnin er að þrjúna úr ívitnunum!

Of fáar ljósmyndir

Það vekur undrun hve fáar ljósmyndir af listaverkum eru í bókinni. Hver listamaður fær aðeins 2 svart-hvítar ljósmyndir og eina í lit! Það ætti ekki að vera neinn vafi á því að listaverkabók á að vera hlaðin myndum sem leika í samspili við textann. Sú staðreynd að fáar myndir eru í bókinni sýnir kannski glögg hve bókinn er lítið hugsuð sem listaverkabók heldur aðeins sem samsafn ævi-ágrípa sem vitað er að ávallt heillar íslenska lesendur. En því miður, viðkomandi listamenn eiga mun meir spennandi feril í sínum verkum en í hinu hversdagslega lífi.

Bók – video

Auðvitað eru það gleðtíðindi fyrir listunnendur að kynnast nýjum listaverkabókum. Þó er því ekki að leynd að miðað við nútíma tækniframfarir þá er listaverkabókin að verða annars flokks miðill. Það er augljóst að videofilmur bjóða upp á mun stórkostlegri möguleika til úrvinnslu og miðlunar á listfræðilegu efni.

JÓLAKVEÐJA SINFÓNÍUNNAR

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói 10. desember.

Stjórnandi: Lutz Herbig.

Eiðleikari: Gísli Magnússon.

Efnisskrá: Jón Ásgeirsson: Svíta úr Blindisleik; W.A. Mozart: Pianókonert nr. 21 í C-dúr, KV 467; L. van Beethoven: Sinfónía nr. 7 í A-dúr, op. 92.

Síðustu tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrir jól hófust á frumflutningi Svíta úr Blindisleik Jóns Ásgeirssonar. Má þar með segja að verkið sé fullkomnað því úr öllum meiriháttar ballettum hafa verið skrifaðar styttrar svítur til flutnings á hljómléikum. Þannig þekkir allur almenningur marga hinna frægustu balletta einungis í stuttum útdrattar-svítum sem óneitanlega eru oft á tíðum snöggtum heilsteyptari tónverk en hinir upprunalegu heilskvöldsballettar.

Sullulega spilað

Í Blindisleikssvítunni dregur Jón Ásgeirsson fram flest það sem máli skiptir í þessum frumballett íslenskra tónmennta. Tónmálið er jafnskýrt — andstæður hins góða og illa táknaðar með sveitasælu og borgarspillingu. Nú kann að vera að sumum hljóðfærleikurum þyki músík Jóns ekki sú allra merkilegasta sem þeir fá til að

spila en það ætti samt ekki að vera næg ástæða til að leika borgarþáttinn, „mellumúsíkina“, hreint og beint sullulega. Flutningur Blindisleikssvítunnar missti því illilega marks.

Laus við poppfælni

Næst kom Gísli Magnússon og brílleraði á 21. pianókonert Mozarts. Greinilega hefur mátt merkja í seinni tíð að pianistar hafa forðast þennan yndislega konsert eft-

„hammerklavierstíl“ sem svo margir breskir pianistar hafa tileinkað sér við Mozarttúlkun. En Gísli fer þessi stíll vel og hljómsveitin var með á nótunum svo að útkoman varð harla góð.

Lagðir að jöfnu Jón og Lúdvík

Eftir Mozartkonsertinn bjóst maður við sams konar spilamennsku í Sjöundu Beethoven. En svo fór nú samt að þeir Jón Ásgeirsson og Ludwig van Beethoven urðu að jöfnu lagðir og hlutu áþekka meðferð hjá hljómsveitinni. Um leið og sá ágæti stjórnandi Lutz Herbig gerði sína einu skyssu, sem var að láta eins og hann stjórnaði góðri hljómsveit, var honum launað traustið með því að færa leikinn niður á skólahljómsveitarplan. Öhreinarn, ósamtaka áttundir í trompetum gætu heitið lykilorð lýs ingarinnar og var þó síður en svo við trompetana eina að sakast — þeir voru bara mest áberandi. Mitt í öllu kraðakinu héldu þó horna- og klarinettuleikarar haus og vitnar það um styrk þeirra. Styrk sem vonandi er merki þess að svona þurfi ekki alltaf að fara og að hljómsveitin mæti að afloknum jólaönnum í sínu formi.

Tónlist

Eyjólfur Melsted